

## 3. gr.

Úthluta skal uppbótum til einstakra báta á grundvelli þeirrar aflahlutdeildar, sem þeir hafa í rækju og skel á viðkomandi svæði og miðast við aflahlutdeild eins og hún er 1. ágúst 2001. Uppbæturnar skulu skiptast á eftirgreindar tegundir: þorsk, ýsu, ufsa og steinbít í hlutfalli við leyfilegt heildarmagn í þessum tegundum og verðmætastuðla.

## 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. ágúst 2001.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

### **um úthlutun á fiskveiðiarinu 2001/2002 skv. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXV í lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.**

## 1. gr.

Úthluta skal á fiskveiðiarinu 2001/2002 3.000 lestum af þorski, miðað við óslægðan fisk, til báta sem höfðu aflahlutdeild 1. desember 1998 og voru þann dag minni en 200 brúttótonn, enda hafi þeir landað þorskafli á fiskveiðiarinu 1996/1997 eða 1997/1998.

## 2. gr.

Úthluta skal til einstakra báta hlutfallslega miðað við heildaraflamark þeirra í þorskígildum talið.

Við útreikning á úthlutun skv. 1. gr. skal miða við aflahlutdeildarstöðu báta eins og hún var 1. desember 1998, úthlutað heildaraflamark fiskveiðisins 1998/1999 og verðmætastuðla á því fiskveiðiári, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 448/1998, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1998/1999.

## 3. gr.

Við úthlutun skv. 1. gr. skal þorskafلامark einstakra báta ekki aukast um meira en 100%, miðað við úthlutað aflamark í upphafi fiskveiðisins 2001/2002 og enginn bátur hljóta hærri úthlutun en 10 lestir miðað við óslægðan fisk. Úthlutun þessi skal aldrei leiða til þess að heildaraflaheimildir einstakra skipa í upphafi fiskveiðisins 2001/2002, verði meiri en 450 þorskígildislestir samtals.

## 4. gr.

Endurnýi útgerð bát, sem rétt á til úthlutunar skv. 1. gr. með nýsmíði eða kaupum á öðrum báti, skal úthluta til þess báts er í staðinn kemur, enda hafi allar aflaheimildir verið fluttar yfir á hann af þeim báti, sem verið er að endurnýja og ekki hafi verið samið um annað. Tilkynna skal til Fiskistofu um slíka endurnýjun og hvorum bátnum úthlutun skal fylgja.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. ágúst 2001.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

### um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002.

#### Veiðileyfi í atvinnuskyni.

## 1. gr.

Veiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu leyfi Fiskistofu. Um veitingu veiðileyfa í atvinnuskyni gildir 5. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

#### Heildaraflí og veiðitímabil.

## 2. gr.

Fyrir fiskveiðiárið 1. september 2001 til 31. ágúst 2002 er leyfilegur heildaraflí og útlutað aflamark úr botnfisktegundum sem hér segir:

		Leyfilegur heildaraflí	Dagabátar	Til jöfnunar skv. ákv. til brb. XXV í l. nr. 38/1990	Til ráðstöfunar Byggðastofnunar skv. ákv. til brb. XXVI í l. nr. 38/1990	Bætur vegna skerðingar í innfjarðarækju skv. 9. gr. l. nr. 38/1990	Útlutað aflamark 2001/2002
	<b>Tegund</b>	<b>Lestir</b>	<b>Lestir</b>	<b>Lestir</b>	<b>Lestir</b>	<b>Lestir</b>	<b>Lestir</b>
1.	Þorskur	190.000	1.273	3.000	1.365	1.830	182.532
2.	Ýsa	30.000	-	-	216	289	29.495
3.	Ufsi	30.000	-	-	216	289	29.495
4.	Steinbítur	13.000	-	-	93	125	12.782
5.	Karfi	65.000	-	-	-	-	65.000
6.	Grálúða	20.000	-	-	-	-	20.000
7.	Sandkoli	3.000	-	-	-	-	3.000
8.	Skráplúra	5.000	-	-	-	-	5.000
9.	Skarkoli	4.000	-	-	-	-	4.000
10.	Þykkvalúra	1.400	-	-	-	-	1.400
11.	Langlúra	1.350	-	-	-	-	1.350
12.	Keila	4.500	-	-	-	-	4.500
13.	Langa	3.000	-	-	-	-	3.000
14.	Skötuselur	1.500	-	-	-	-	1.500

Aflí samkvæmt ofangreindu miðast við óslægðan fisk með haus.